

Ár 2017, föstudaginn 1. september 2017 er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Halldóri Frímanssyni, Sigurði I Halldórssyni og Sigurði Magnússyni dómurum í dómstól ÍSÍ, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Fyrir var tekið málið nr. 7/2017:

Lyfjaráð ÍSÍ

gegn

Þormóði Árna Jónssyni

og kveðinn upp svohljóðandi:

DÓMUR

Mál þetta er höfðað með ákæru Lyfjaráðs ÍSÍ, dags. 12. júlí 2017, þar sem Þormóður Árni Jónsson, kt. 020383-5269, er ákærður fyrir lyfjamisnotkun. Ákærða var gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum í málinu. Lögmaður ákærða skilaði greinargerð, dags. 4. ágúst 2017. Lyfjaráði var kynnt greinargerð ákærða og skilaði ekki athugasemdum.

Málið var þingfest 22. ágúst. Þar mættu af hálfu Lyfjaráðs Birgir Sverrisson, starfsmaður Lyfjaráðs, og af hálfu ákærða Jón Egilsson, hrl. Bjarni Friðriksson, form. Júðófélags Reykjavíkur sat þinghaldið sem áheyrandi.

Aðilar voru sammála um málavexti og lýstu því yfir að þeir teldu ástæðulaust að taka skýrslu af kærða og þeir óskuðu ekki eftir að kalla vitni fyrir dóminn. Því næst var gagnaöflun lýst lokið, eftir að lögm. ákærða hafði lagt fram dskj. nr. 2a. Að svo búnu var málið munnlega flutt.

Dómkröfur

Ákærandi: Þess er krafist að kærði verði dæmdur til tveggja ára óhlutgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá dagsetningu bráðabirgðabanns að telja, haldi kærði það, en að öðrum kosti frá uppkvaðningu dóms.

Ákærði: *Aðallega* að kærði verði alfarið sýknaður af öllum kröfum kæranda, þar með talið bráðabirgðabanni dags. 19.06.2017, en samkvæmt grein 7.9.3.2. b-c lið hefði kærandi aldrei átt að láta koma til þessa úrræðis.

Til vara að undanþága verði veitt frá óhlutgengi vegna sérstakra aðstæðna.

Til þrautavara að kærði verði dæmdur til vægustu viðurlaga sem lög frekast leyfa, áminningar.

Kærði gerir þær dómkröfur að nafnleyndar verði gætt við birtingu dómsins.

Kærði krefst málskostnaðar að skaðlausu úr hendi kæranda að mati dómsins.

Kærði fer fram á munnlegan málflutning um málið fyrir virðulegum dómstól.

Gögn málsins

1. Ákæra, dags. 12. júlí 2017, ásamt fylgiskjölum
 - 1a) Lyfjaeftirlitseyðublað nr. 000334, dags. 22. maí 2017
 - 1b) Niðurstaða lyfjaeftirlits, dags. 16. júní 2017
 - 1c) Staðfesting ákærða á móttöku niðurstöðu, dags. 19. júní 2017
 - 1d) Bráðabirgðabann, dags. 19. júní 2017
 - 1e) Læknabréf frá LSH, dags. 20. júní 2017
 - 1f) Bráðabirgðaaathugasemdir ákærða, dags. 20. júní 2017
 - 1g) Skýrsla Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ, dags. 26. júní 2017
 - 1h) Iðkendaskrá Júðófélags Reykjavíkur, dags. 28. júní 2017
 - 1i) Bráðamóttökuskra heimilislæknis, ódags.
 - 1j) Persónuupplýsingar um ákærða, ódags.
2. Greinargerð lögmans ákærða, dags. 4. ágúst 2017
 - 2a) Tölvupóstur frá lögm. ákærða til ÍSÍ, dags. 21. ágúst 2017

Málavextir og málsástæður

Fram kemur í ákæru að ákærði, Þormóður Árni Jónsson, sem er félagi í Judófélagi Reykjavíkur, var boðaður í lyfjaeftirlit 22. maí 2017, utan keppni. Samkvæmt niðurstöðu greiningar úr lyfjaprófinu, (fskj. 1b), kemur fram að í sýninu greindist efnið probenecid sem er í flokki S5 (þvagræsilyf og dyljandi efni) á bannlista WADA.

Ákærða var tilkynnt um niðurstöðu lyfjaprófsins þann 19. júní 2017. Ákærði kvaðst ekki átta sig á því hvar og hvenær hann tók lyfið. Einu lyfin sem hann kannaðist við að hafa notað nýlega voru sýklalyf og einhver forðatafla sem hann fékk til að auka virkni þeirra. Neitar að hafa verið að taka inn lyfið til að léttast sig eða dylja önnur efni. Samkvæmt læknabréfi frá LSH, (fskj. 1e), var ákærða ávísað lyfinu einu sinni á dag frá 29. apríl til 4. maí 2017 og því virðist ljóst að ákærði hafi tekið inn efnið sem greindist samkvæmt læknisráði.

Einnig kemur fram í ákæru að líklegt verði að telja að tilvist probenecid í þvagsýni ákærða sé til komið vegna meðhöndlunar á sýkingu og að brotið á lyfjareglunni hafi ekki verið af yfirlögðu ráði. Ákærði geti þó ekki vikist undan þeirri ábyrgð sem lögð sé á hann sem afreksíþróttamann sem keppir að staðaldri á alþjóðavettvangi, að nota engin efni á bannlista og bera fulla ábyrgð á því sem hann setur í sig hvort heldur sem um er að ræða fæðu eða lyf sem ávísað er af læknum. Einföld athugun á heiti lyfsins hefði leitt í ljós að það væri á bannlista. Með vísan til málavaxta og framlagðra sönnunargagna er það mat Lyfjaráðs að ákærði hafi gerst sekur um lyfjamisnotkun. Gerð er krafa um tveggja ára óhlutgengi með vísan til gr. 10.2.2 þar sem sýnt hafi verið fram á að brotið hafi ekki verið framið af yfirlögðu ráði.

Við munnlegan málflutning kom eftirfarandi fram:

Fram kom hjá fulltrúa Lyfjaráðs að probenecid sé ekki árangursbætandi efni. Það sé dyljandi og þvagræsandi efni. Ákærði hafi fengið lyfið á bráðamóttöku. Telur að hann hafi sagt satt og rétt frá um málsatvik. Spurning sé um vanrækslu. Samkvæmt fskj. 1 e) komi fram að 29. apríl hafi ákærði fengið lyfið með sér. Hann átti að taka lyfið til 4. maí. Lyfinu hafi ekki verið ávísað. Veit ekki um ástand ákærða þegar hann fékk lyfið og honum hafi ekki verið tilkynnt af læknum að lyfið sé á bannlista. Lyfið sé gefið í töfluformi. Telur útilokað að ákærða hafi einungis verið gefið lyfið á spítalanum. Hann átti að taka lyfið í viku. Vísar til laga ÍSÍ um lyfjamál, 22.1.4. gr. varðandi hlutverk og ábyrgð íþróttamanna, um að upplýsa lækna um þá skyldu að nota ekki bönnuð efni og aðferðir og að axla ábyrgð til að tryggja að fengin læknismeðfeð brjóti ekki í bága við lyfjareglur.

Fram kom hjá lögmanni ákærða að ákærði hafi tekið lyfið í lækisfræðilegum tilgangi og það komi fram í lyfjalögum að ekki sé um brot að ræða þegar svo sé. Segir ákæru í þessu máli ekki eiga rétt á sér. Kveður aðila málsins sammála um málsatvik. Ákærandi staðfestir að svo sé. Lagt sé til grundvallar að ákærði vissi ekki af því að hann var að taka lyfið inn. Var með blóðeitrun og í lífshættu þegar honum var gefið lyfið. Telur að ákærði hefði fengið undanþágu ef hann hefði vitað af því að hann væri að taka lyfið. Kveður ákærða saklausan og beita eigi gr. 10.4 í lyfjalögum ÍSÍ, þar sem engin sekt eða vanræksla sé til staðar.

Niðurstöður

Fyrir liggur að taka afstöðu til þess hvort ákærði hafi gerst sekur um lyfjamisnotkun þegar hann tók inn lyfið probenecid, sem er í flokki S5 á bannlista WADA. Því er lýst í ákæru og fylgiskjölum með ákæru, með hvaða hætti ákærði tók lyfið inn. Aðilar málsins eru sammála um þá lýsingu og telja ekki ástæðu til þess að kalla ákærða fyrir dóm til skýrslutöku um málsatvik og verður við úrlausn málsins byggt á ofangreindum gögnum.

Ákærandi krefst þess að ákærði verður dæmdur til 2ja ára óhlutgengis fyrir lyfjamisnotkun og vísar í því sambandi til 10.2.1 gr. laga ÍSÍ um lyfjamál, þar sem brotið hafi ekki verið framið af ásettu ráði.

Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákæranda, til vara að undanþága verði veitt frá óhlutgengi vegna sérstakra aðstæðna og til þrautavara að ákærði verði dæmdur til vægustu viðurlaga sem lög leyfa, þ.e. áminningar. Þá gerir ákærði kröfu um nafnleynd og málskostnað.

Fram kemur í gögnum málsins að ákærða var gefið lyfið probenecid á bráðamóttöku LSH 29. apríl 2017, þegar hann leitaði þangað vegna sýkingar á fæti. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með óyggjandi hætti að ákærða hafi þá verið það ljóst að verið væri að gefa honum lyf sem er á bannlista WADA. Það er álit dómsins að lögfull sönnun liggji ekki fyrir í málinu að því er þetta varðar og verður ákærða ekki refsað fyrir vanrækslu á þessum grundvelli.

Eins og fram er komið tók ákærði lyfið probenecid fyrst inn á bráðamóttökunni og átti hann síðan að taka það einu sinni á dag til 4. maí 2017. Fram kemur að honum var ekki ávísað lyfinu, sem er í töfluformi. Það er álit dómsins að ákærði hafi sýnt af sér vanrækslu með því að ganga ekki úr skugga um það meðan hann átti að halda áfram að taka lyfið, eða á þeim tíma sem leið þar til honum var tilkynnt um niðurstöður lyfjaeftirlitsins, hvort lyfið sem hann hafði tekið væri á bannlista WADA. Fallast verður á rök ákæranda að því er þennan þátt málsins varðar, þar sem eftirfarandi kemur fram: „*Kærði getur þó ekki vikist undan þeirri ábyrgð sem lögð er á hann sem afreksíþróttamann sem keppir að staðaldri á alþjóðavettvangi að nota engin efni á bannlista og bera fulla ábyrgð á því sem hann setur í sig, hvort heldur sem um er að ræða fæðu eða lyf sem ávísað er af læknum. Einföld athugun á heiti lyfsins hefði leitt í ljós að það væri á bannlista.*“

Fyrir liggur að ákærði tók lyfið ekki af ásettu ráði og því er ekki um sök ákærða að ræða í málinu, en samkvæmt ofansögðu sýndi hann af sér vanrækslu, sem dómurinn telur í ljósi aðstæðna falla undir viðurlög samkvæmt grein 10.5.1.1 í lögum ÍSÍ um lyfjamál. Probenecid er í flokki S5, þannig að það telst "sérstaklega tilgreint efni" og því á grein 10.5.1.1 við um málið. Það er álit dómsins að vanræksla ákærða sé ekki umtalsverð og dæmist hann til 3ja mánaða óhlutgengis vegna brotsins frá 19. júní 2017 að telja. Dómurinn fellst ekki á kröfu ákærða um nafnleynd og kröfu um málskostnað er hafnað.

Dómsorð:

Ákærði, Þormóður Árni Jónsson, er dæmdur til 3ja mánaða óhlutgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá 19. júní 2017 að telja.

Kröfu ákærða um málskostnað er hafnað.

Halldór Frímansson

(sign)

Sigurður I Halldórsson

(sign)

Sigurður Magnússon

(sign)

Frestur til að áfrýja máli þessu er ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Bent er á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.